

### 3. skólaráðsfundur, 14. febrúar 2023

*Haldinn á kaffistofu Gamla skóla og hófst kl. 16.15*

*Mættir: Arna Magnúsdóttir fulltrúi foreldrafélags leikskólans, Jóhanna Magnúsdóttir fulltrúi foreldrafélags grunnskólans, Sigurður Snæbjörn Stefánsson fulltrúi starfsmanna grunnskólans, Urður Arna Ómarsdóttir fulltrúi starfsmanna leikskólans, Heimir Loftur Gunnþórsson og Úlfur Elí Ingvason fulltrúar nemendaráðs og Þórunn Hrund Óladóttir skólustjóri.*

*Fundargerð ritaði Þórunn Hrund.*

1. Starfsmannamál; nokkrar breytingar eru framundan í starfsmannamálum og er verið að vinna í þeim málum. Búið er að ráða aðstoðarleikskólustjóra á leikskólann, Kolbrúnu Láru, sem lætur þá af störfum sem deildarstjóri. Ekki gengur vel að ráða fólk á leikskólann þrátt fyrir ítrekaðar auglýsingar.
2. Skólastarfið; þurrablót sem unglíngastigið skipulagði og hélt utan um var haldið í janúar, það var almennt talið mjög vel heppnað og gestir mjög ánægðir. Einnig var öllum nemendum skólans boðið upp á þorramat eitt hádegi. Á leikskólanum var pabbakaffi á þorradaginn þar sem pöbbum/öfum var boðið í kaffi með börnunum og að sjálfsgöðu var einnig boðið upp á harðfisk og hákarl.

Foreldrafundir voru haldnir í öllum bekkjum í lok janúar og var mæting mjög góð á þá fundi. Væntanlegir Danmerkurferðalangar eru að fara að baka sólarpönnukökur og selja í fyrirtæki í lok vikunnar.

3. Skóladagatal; vinna við skóladagatal næsta vetrar er að fara af stað. Til stendur að fara í námsferð næsta skólaár og fyrstu hugmyndir snúa að því að skoða dagsetningarnar 25. apríl – 1. maí fyrir slíka ferð en 25. apríl er sumardagurinn fyrsti og því frídagur. Stefnt að því að stofna undirbúningshóp um málið. Að öðru leyti er ekki gert ráð fyrir miklum breytingum á skóladagatalinu á milli ára.
4. Nýtt námsmat – Mentor. Skólinn stefnir á að nýta Mentor meira í því er snýr að námsmati nemenda. Í vor er ætlunin að allir nemendur verði metnir samkvæmt því kerfi og því munu nemendur ekki fá einkunnir í tölum. Þetta verður kynnt nánar fyrir foreldrum og nemendum á næstu vikum.
5. Ipadar – nýting. Í janúar komu tveir Ipad sérfræðingar í heimsókn í grunnskólann sem voru að kenna starfsfólki ýmislegt sem nýtist í að nota Ipadana betur sem kennslugagn. Meðal annars eru núna allir nemendur komnir með Google classroom aðgang sem nýtist vel á margan hátt. Þá fóru þeir yfir ýmislegt sem getur m.a. nýst vel fyrir nemendur sem glíma við einhverja námsörðugleika.

6. Símareglur. Til stendur að rýmka reglurnar um notkun síma á skólatíma og leyfa nemendum á unglíngastigi að hafa símana í frímínútum. Þetta verður til reynslu fram á vor og þá tekin ákvörðun til framtíðar.
7. Skólapeysur. Fulltrúar nemendaráðs fóru yfir stöðuna með skólapeysurnar. Ein tillaga að lógói á peysurnar kom fram og verður unnið með nánari útfærslu á því.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið 17. 15